



# BA Í LÖGFRÆÐI

## 3ja ára nám (180 ECTS)

Hlutverk lagadeilar HR er að skapa og miðla þekkingu í umhverfi sem hvetur til frumkvæðis, gagnrýnnar hugsunar og vísindalegra vinnubragða og auka þannig lífsgæði og samkeppnishæfni í samfélaginu.

Lagadeild HR er brautryðjandi í nútímavæðingu laganáms á Íslandi og er því rökréttur fyrsti valkostur þeirra sem vilja stunda vandað og framsækið laganám hér á landi.

Lagadeild HR leggur mikla áherslu á virk og veruleg tengsl við atvinnulífið m.a. með þátttöku sérfræðinga úr atvinnulífinu í kennslu, með starfsnámi og samspili bóklegs náms og raunhæfra verkefna. Þessi tengsl eru liður í að búa nemendur sem best undir þátttöku í atvinnulífinu að námi loknu.

Nemendur sem hefja nám við lagadeild HR byrja almennt á 3ja ára (180 ECTS eininga) grunnnámi til BA-gráðu. Kennsla fer að hluta fram í fyrirlestur og raunhæfum verkefnum en einnig í formi vinnu- og umræðufunda. Að grunnnámi loknu gefst nemendum kostur á 2ja ára (120 ECTS eininga) framhaldsnámi til meistaraþrófs í lögfræði, ML.

### SÉRSTAÐA LAGANÁMS Í HR

- Mjög umfangsmikið, metnaðarfullt og nútímalegt grunnnám sem byggir á endurskilgreiningu á grunnmenntun lögfræðinga m.a. til að mæta þörfum atvinnulífsins.
- Fjölbreytt og dreift námsmat m.a. í formi miðannarþrófa og raunhæfra verkefna.
- Nemendum á fyrsta ári stendur til boða að taka þátt í leshópum þar sem meistaranemar aðstoða nýnema í að þjálfra og efla skilning og fræðilega þekkingu á efninu.
- Í Nauthólsvík er fullbúinn dómsalur sem nemendur hafa til afnota í raunhæfum málflytningsæfingum.
- Mikil áhersla á gæði kennslu.
- Greiður aðgangur nemenda að kennurum deildarinnar.
- Nemendur fá aðgangskort að skólanum. Skólinn og bókasafnið eru opin allan sólarhringinn.

LÁTTU TIL ÞÍN TAKA

### RAUNHÆF VERKEFNI OG VALNÁMSKEIÐ

- **Strax á 1. ári** taka laganemar þátt í nýsköpunarnámskeiði sem heitir *Nýsköpun og stofnun fyrirtækja*.
- **Á vorönn á 2. ári** er málflytningsnámskeið sem miðar að því að þjálfra nemendur í skjalagerð, ræðumennsku og málflytningi.
- **Á vorönn á 3. ári** er nemendum gefinn kostur á aukinni sérhæfingu innan lögfræðinnar í gegnum fjölda valnámskeiða. Ennfremur gefst þeim kostur á að velja námskeið á öðrum fræðasviðum, innan annarra háskóladeilda hér á landi og erlendis.

Lagadeild HR býr vel að nemendum sínum í umhverfi sem er í senn krefjandi og skapandi.

### FERÐ LAGANEMA TIL BRUSSEL

Evrópuréttur er eitt af kjarnafögum lagadeildar Háskólans í Reykjavík. Á hverju ári fara nemendur í Evrópurétti í námsferð til Brussel, þar sem stofnanir Evrópusambandsins og EFTA eru heimsóttar.

### NÁNARI UPPLÝSINGAR

Frekari upplýsingar um námið veitir skrifstofustjóri lagadeildar Jóna K. Kristinsdóttir í síma 599 6407, [jonak@ru.is](mailto:jonak@ru.is). Sjá einnig heimasíðu lagadeildar: [www.lagadeild.is](http://www.lagadeild.is)

Peir sem ljúka meistaranámi við deildina að undangengnu grunnnámi í lögfræði og a.m.k. 240 ECTS í lögfræðigreinum teljast hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði og uppfylla því almenn menntunarskilyrði til að gegna störfum dómara og málflytjenda.



## BA Í LÖGFRÆÐI

### 180 ECTS EININGAR, 3 ÁR

|   |   |
|---|---|
| <p><b>1. ÁR – 1. ÖNN</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Aðferðafræði</b> - 8 ECTS</li> <li>• <b>Fjármunaréttur I</b> – Samningaréttur og inngangur að skaðabótarétti og almennum hluta kröfuréttar - 8 ECTS</li> <li>• <b>Stjórnskipunarréttur</b> - 8 ECTS</li> <li>• <b>Bókhald og greining ársreikninga</b> 6 ECTS</li> </ul> | <p><b>1. ÁR – 2. ÖNN</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Félagaréttur</b> - 8 ECTS</li> <li>• <b>Fjármunaréttur II</b> – Kröfuréttur síðari hluti - 8 ECTS</li> <li>• <b>Stjórnsýsluréttur</b> - 8 ECTS</li> <li>• <b>Nýsköpun og stofnun fyrirtækja</b> - 6 ECTS</li> </ul>  |
| <p><b>2. ÁR – 3. ÖNN</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Réttarfar</b> -10 ECTS</li> <li>• <b>Fjármunaréttur III</b>-Skaðabótaréttur - 8 ECTS</li> <li>• <b>Evrópuréttur</b> - 8 ECTS</li> <li>• <b>Fjölskyldu- og erfðaréttur</b> - 4 ECTS</li> </ul>  | <p><b>2. ÁR – 4. ÖNN</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Fjármunaréttur IV</b> – Eignaréttur - 8 ECTS</li> <li>• <b>Fjármunaréttur V</b> - Raunhæft málflytningsverkefni - 6 ECTS</li> <li>• <b>Refsiréttur</b> - 8 ECTS</li> <li>• <b>Samkeppnisréttur</b> - 8 ECTS</li> </ul>   |
| <p><b>3. ÁR – 5. ÖNN</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Viðskipti með fjármálagerninga</b> - 8 ECTS</li> <li>• <b>Skattaréttur</b> - 8 ECTS</li> <li>• <b>Þjófáréttur</b> - 8 ECTS</li> <li>• <b>Hugverkaréttur</b> - 6 ECTS</li> </ul>  | <p><b>3. ÁR – 6. ÖNN</b></p> <p>Á lokaönn í grunnnámi gefst nemendum kostur á að velja fimm valgreinar í lögfræði. Eftirtaldar valgreinar eru í boði, 6 ECTS:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• <b>Enskt lagamál</b></li> <li>• <b>Fjármagnsfélög</b> – hlutafélagaréttur</li> <li>• <b>Fullnusturéttur</b></li> <li>• <b>Kauparéttur</b></li> <li>• <b>Lagadanska</b></li> <li>• <b>Lagafranska</b></li> <li>• <b>Sakamálaréttarfar</b></li> <li>• <b>Upplýsingatækniréttur</b></li> <li>• <b>Vinnuréttur</b></li> <li>• <b>BA-ritgerð</b> getur komið í stað tveggja valgreina - 12 ECTS.</li> </ul> |

Nemendum er heimilt, að fengnu samþykki lagadeildar, að velja námsgreinar innan annarra deilda HR eða innan annarra háskóla, innlendra og erlendra, í stað einnar eða fleiri ofangreindra valgreina.